

Arion banki hf. Borgartúni 19, 105 Reykjavík, kt. 581008-0152 (www.arionbanki.is) er ábyrgðaraðili í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuverndarfulltrúi Arion banka (personuvernd@arionbanki.is) hefur það hlutverk að fylgjast með að farið sé eftir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Með undirritun á skilmála þessum veitir þú Arion banka hf. fullt umboð til þess að kalla eftir upplýsingum úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra fyrir síðustu 5 mánuði, ef við á. Þegar óskað hefur verið eftir að Arion banki framkvæmi greiðslumat er bankanum heimilt að kalla eftir upplýsingum úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra fyrir síðastliðna 12 mánuði.* Að auki er bankanum heimilt að sækja skattframtal og álagningarseðil fyrir síðastliðið ár, ef við á.* Umrædd gögn veitir bankanum upplýsingar um tekjur, eignir og skuldastöðu. Er tilgangur framangreindrar upplýsingasöfnunar að meta greiðslugetu þína hafi þess verið óskað. Arion banki ábyrgist að öll notkun og meðferð upplýsinganna sé í fullu samræmi við ákvæði laga um persónuvernd.

Með undirritun á skilmála þessum veitir þú einnig Arion banka, fullt umboð til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf.**, ef við á sem skilar yfirliti sem m.a. inniheldur upplýsingar um fjárskuldbindingar þínar, s.s. fjárhæð og tegund skuldbindinga, lánveitanda og hvort fjárskuldbindingar séu í skilum/vanskilum.

Með undirritun á skilmála þessum veitir þú Arion banka enn fremur heimild til að sækja upplýsingar um lánshæfismat** þitt til Creditinfo Lánstrausts hf. sem og að skrá þig á lánshæfisvöktun. Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá, hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánshæfismats. Viðskiptavinur getur afturkallað vöktun lánshæfismats hvenær sem er og skal slík afturköllun taka gildi þegar Arion banki hefur sannanlega mótttekið slíka afturköllun.

Þá veitir umboðið Arion banka heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu þína, þ.e. fasteigna- og ökutækjæign, ef við á, sem miðlað er af Creditinfo Lánstraust hf., og sóttar í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra gagnagrunna skv. lögum um persónuvernd.

Með undirritun á skilmála þessum felst heimild til þess að framangreindar upplýsingar verði sóttar í þeim tilgangi að nýta við ákvörðunatóku um lánsviðskipti, framkvæmd greiðslumats, hafi verið óskað eftir slíku, sem og við eftirlit í tengslum við lánaviðskipti á meðan viðskiptasambandi stendur.

Arion banki mun ekki afhenda persónuupplýsingar nema bankanum sé skylt samkvæmt lögum að afhenda þær t.a.m til eftirlitsstofnana, löggæsluyfirvalda eða annarra aðila sem hafa heimild að lögum til að móttaka umræddar upplýsingar. Þá getur bankanum verið skylt að afhenda persónuupplýsingar ef dómari úrskurðar að skylt sé að veita þær fyrir dómi eða hjá lögreglu. Viðskiptavinur getur þó heimilað bankanum afhendingu persónuupplýsinga um hann. Geymslutími þeirra gagna sem Arion banki vinnur með samkvæmt skilmála þessum er svo lengi sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu nema þegar lög og reglur kveða á um lengri geymslutíma og má t.a.m nefna að samkvæmt lögum um fasteignalán til neytenda ber bankanum lagaskylda að eiga gögn sem nýtt eru í greiðslumat út lánstímann.

Einstaklingur getur fengið aðgang að persónuupplýsingum sínum og við ákveðnar aðstæður að leiðrétta, eyða, takmarka vinnslu, andmæla og flytja eigin gögn. Þá hefur einstaklingur rétt á að leggja fram kvörtun til Persónuverndar.

*Við framkvæmd greiðslumats sækir Arion banki almennt launaupplýsingar úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra fyrir undangengna 5 mánuði en í einstökum tilvikum þarf bankinn að hafa heimild til þess að kalla eftir upplýsingum fyrir undangengna 12 mánuði.

**Nánari upplýsingar um Skuldastöðukerfi og lánshæfismat Creditinfo Lánstraust hf. ásamt notkunarrögum, má finna á creditinfo.is